



Menntaskólinn í Reykjavík

Kennsluáætlun: Enska 6. bekkur málabrautar haustönn 2021 – ENSK4BM12

Kennarar: Sigurður Páll Guðbjartsson (sigurdurp@mr.is) og Hilmar Guðlaugsson (hilmar@mr.is)

Markmið: Að nemendur

- geti lesið ýmiss konar fræðitexta á ensku
- geti lesið bókmenntir frá ýmsum tímum
- geti tjáð sig á ensku, munnlega og skriflega, um fræðileg efni og bókmenntir
- efli hlustunarskilning
- geti tjáð sig um dagleg málefni og þjálfist í því að tjá munnlega óhlutbundna hugsun, m.a. í tengslum við námsefni
- geti ritað stuttar ritgerðir um bækur sem hann les og gert útdrætti úr lesnu efni.

Kennslugögn:

Lesið vandlega til orðskýringa:

- **Leskaflar:** Enskir leskaflar fyrir 6. bekk málabrautar (fjölrit MR): kaflar 1-8

Lesið efnislega:

- **Smásögur:** Enskar smásögur handa 6. bekk (fjölrit MR): Á haustönn: A Rose for Emily, Bruns, Small Avalanches, Dream of a Strange Land og tvær aðrar sem verða kynntar síðar. Á vorönn: The Shawl, Everyday Use, My Son the Fanatic og tvær aðrar sem verða kynntar síðar.
- **Ljóðahefti:** bls. 1-26
- **Leikrit:** *Death of a Salesman* (Arthur Miller)
- **Skáldsaga:** Kjörbók að eigin vali (háð samþykki kennara) og *Milkman* (Anne Burns) (á vorönn)
- **Skrifleg og munnleg verkefni**

Námsmat:

Vorpróf: Skriflegt próf í 2 klst. (60% af einkunn) og munnlegt próf (40% af einkunn).

Námseinkunn: byggist á munnlegri frammistöðu, virkni í kennslustundum og ýmsum prófum á námstíma og skiptist þannig í lok skólaárs:

Kjörbókarritgerð **15%**; *Death of a Salesman* **15%**; *Milkman* **15%**; Orðaforðaæfingar **15%**; Málsaga **10%**; Fyrirlestur **10%**; Ástundun **20%**.

ATH: Vegna þeirrar óvissu sem fylgir Covid-19 gæti námsmatið tekið breytingum

Almennar vinnureglur:

- Nemandi verður að hafa allar nauðsynlegar námsbækur meðferðis í hvern tíma.
- Mæti nemandi ítrekað bókarlaus eða án heimanáms verður honum vísað úr tíma.
- Mikilvægt er að nemendur séu virkir í tímum, en gæti sín á því að grípa ekki fram í hver fyrir öðrum.
- Sé nemandi tekinn upp í námsefni, skulu aðrir nemendur bíða með svör og spurningar þar til viðkomandi hefur svarað spurningum kennara um efnið.